# Fundargerð

1233. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
29. ágúst 2019, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Guðbrandur Einarsson, , Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét A. Sanders, Jasmina Crnac, Gunnar Felix Rúnarsson áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.

* * *

**1. Grænbók um flugsamgöngur (2019080187)**

Á fundinn mættu Björn Ingi Knútsson ráðgjafi og Sigurgestur Guðlaugsson verkefnastjóri viðskiptaþróunar og gerðu grein fyrir málinu. Bæjarráð samþykkir framlögð drög að umsögn um drög að Grænbók – Flugstefnu fyrir Ísland.

**2. Vestnorden 2020 (2019080689)**

Á fundinn mætti Sigurgestur Guðlaugsson verkefnastjóri viðskiptaþróunar og gerði grein fyrir málinu. Bæjarráð samþykkir að Markaðsskrifstofa Reykjaness sækist eftir að ferðaráðstefnan Vestnorden verði haldin í Reykjanesbæ á næsta ári.

**3. Fjárhagsáætlun 2020 - tillaga að fjárhagsramma (2019070112)**

Bæjarráð samþykkir með 3 atkvæðum framlagða tillögu um fjárhagsramma 2020. Margrét A. Sanders Sjálfstæðisflokki og Jasmina Crnac Frjálsu afli sitja hjá.

**4. Viðauki við samkomulag bæjarstjórnar Reykjanesbæjar og stjórnenda (2019050809)**

Málinu frestað.

**5. Helguvík – breyting á deiliskipulagi (2019051551)**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu.

**6. Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 4. - 5. september 2019 (2019080409)**

Lagt fram.

**7. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og sveitarfélögin – málstofa 7. september 2019 (2019051904)**

Lagt fram.

**8. Framtíð byggðaþróunar á Norðurlöndum – ráðstefna 12. september 2019 (2019080692)**

Lagt fram.

**9. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar Aladin restaurant ehf. um leyfi til að reka veitingastað í flokki II að Hafnargötu 36a (2019070223)**

Lagðar fram umsagnir byggingafulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og tölvupóstur frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

**10. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar Kiwi veitinga ehf. um leyfi til að reka veitingastað í flokki II að Hrannargötu 6 (2019070226)**

Lagðar fram umsagnir byggingafulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og tölvupóstur frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

**11. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar I Hostel ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki IV að Lindarbraut 637 (2019070228)**

Lagðar fram umsagnir byggingafulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og tölvupóstur frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

**12. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar Hótels Keflavíkur um tækifærisleyfi (2019080089)**

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

**13. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar Nemendafélags Fjölbrautaskóla Suðurnesja um tækifærisleyfi (2019080514)**

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

**14. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsókna ARG viðburða og Körfuknattleiksdeildar Keflavíkur um tækifærisleyfi (2019080528)**

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:20.

Guðbr. Einar

M. Sander

Jasmina Crnac